

Dómsuppkvaðning hefur dregið tilvillega vegna embættisanna dómara.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Þórðarson, greiði 2000 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugs-sonar hrl., kr. 700.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. nóvember 1955.

Nr. 26/1955. **Ákærvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Hjálmar Rögnvaldi Bárðarsyni

(Kristján Guðlaugsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um brot á ákvæðum iðnlöggjafar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Í ákæruskjali, dags. 3. júní 1954, er ákærða gefið að sök, að hann hafi stundað ljósmyndagerð í atvinnuskyni nokkur undanfarin ár án þess að hafa iðnréttindi sem ljósmyndari. Í málinu hefur verið leitt í ljós, að ákærði tók að sér árið 1952 ásamt öðrum nafngreindum manni eftir beiðni framkvæmdastjóra Iðnsýningarinnar, sem haldin var í Reykjavík nefnt ár, að stækka nokkrar ljósmyndir, sem hafa átti á veggjum sýningarhússins. Fyrir starf þetta tók ákærði greiðslu, og eru reikningar hans fyrir það dagsettir í september 1952. Þá hefur ákærði lýst því, að hann hafi stundum látið í té myndir gegn gjaldi, ef leitað væri eftir þeim, sérstaklega tiltekinni opinberri stofnun, en þar sem ekkert hefur verið frekar grennslast eftir því í prófum málsins, hvenær þetta hafi átt sér stað né um nánari atvik að því, kemur ekki til álita að meta ákærða það til sakar.

Með ákvæðum 2. málsg. 2. gr. og 1. töluliðs 3. málsg. 15. gr. laga nr. 105/1936 um breytingu á lögum nr. 18/1927 er lögð refsing við því að reka iðnað án þess að fullnægja skilyrðum laganna um iðnréttindi. Verk það, sem ákærði vann fyrir Iðnsýninguna, þykir ekki út af fyrir sig nægja til að telja hann hafa rekið iðnað í merkingu nefndra laga-greina. Og með því að ekki er leitt í ljós, að ákærði hafi lagt stund á ljósmyndagerð með þeim hætti, að talið verði til iðn-rekstrar, ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1700.00.

Það athugast, að í héraðsdóminum er ranglega sagt, að í ákæruskjali sé ákærði talinn hafa fengið greiddar kr. 29.000.00 frá Iðnsýningunni.

Dómsorð:

Ákærði, Hjálmar Rögnvaldur Bárðarson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin mál-flutningslaun sækjanda málsins í Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00, og málflutningslaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlög-manns, kr. 1700.00.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Mál þetta er mjög vanprófað í héraði. Eigi sést, að reikn-ingar þeir, sem lagðir hafa verið fram í málinu og varða ákærða, hafi verið bornir undir hann né hann spurður að því, hvernig fjárhæð þeirra var skipt milli hans og Guðna Þórðarsonar. Þá hafa forstöðumenn Iðnsýningarinnar 1952

eigi verið kvaddir vættis í málinu til að spyrja þá um skipti þeirra við ákærða. Loks hefur ákærði ekki verið spurður ræki-lega um tilkostnað hans við ljósmyndagerð fyrir lðnsýningu þessa, sem þó var ástæða til.

Í prófum málsins hefur ákærði kannast við að hafa tekið myndir af Þjóðleikhúsinu og sýningum þar gegn endurgjaldi, en eigi hefur verið rannsakað, hvenær myndatökur þessar hafa átt sér stað né hversu mikið endurgjald ákærði hefur fengið fyrir þær. Þá hefur ákærði játað að láta stundum myndir í té gegn gjaldi, ef leitað er eftir þeim, að því er virðist til annarra aðilja en nú hafa verið nefndir. En hér-aðsdómari hefur látið algerlega undir höfuð leggjast að spyrja ákærða frekar um þetta og leita síðan skýrslna þeirra að- ilja, sem hlut hafa átt að máli. Loks hefði þurft að afla gagna um, hversu miklu tekjur ákærða af ljósmyndastarfi hans hafi numið eftir 13. maí 1951, að því er næst verður komizt.

Vegna þessara megingalla á rannsókn máls þessa í héraði þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Allan kostnað af áfrýjun málsins ber að greiða úr ríkis- sjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Gústafs A. Sveinssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Þar sem meiri hluti dómenda Hæstaréttar fellst ekki á ómerkingu héraðsdóms, mun ég samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga um Hæstarétt, nr. 112/1935, greiða atkvæði um efni málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. desember 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 14. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Stefáni Guðjohnsen, fulltrúa sakadómarara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 5861/1954: Ákæruvaldið gegn Hjálmari Bárðarsyni, sem þingfest var og dómtekið 15. október s.l.

Mál þetta er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 3. júní 1954, gegn ákærða, Hjálmari Bárðarsyni skipaverkfræðingi, til heimilis að Grenimel 30, hér í bæ, fyrir brot á lögum um iðju og iðnað nr. 18/1927, 14. gr., 2. mgr., sbr. 13. gr., sbr. 1. gr. og 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. 27. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 15. gr. laga nr. 105/1936. Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að stunda ljósmyndagerð í atvinnuskyni nokkur undanfarin ár án þess að hafa iðnréttindi sem atvinnuljósmyndari, sérstaklega árið 1952, er hann bjó til og seldi í félagi með Guðna Þórðarsyni blaðamanni „Iðnsýningunni 1952“ ljósmyndir fyrir rúmlega kr. 29.000.00.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur á Ísafirði 8. júní 1918. Hann hefur ekki fyrr sætt kæru né refsingu, svo að vitað sé.

Málavextir eru þessir:

Með kærubréfi Ljósmyndarafélags Íslands er kært yfir því til sakadómarara, að tveir menn, ákærði í máli þessu og Guðni Þórðarson blaðamaður, virðist stunda ljósmyndun og ljósmyndagerð almennt gegn greiðslu, þannig að telja verði starfsemi þeirra atvinnu. Bréf þetta er dagsett 8. maí 1953.

Í greindu kærubréfi er vakin sérstök athygli á því, að greindir menn hafi tekið að sér mikla vinnu við ljósmyndagerð fyrir Iðnsýninguna, sem haldin var í Reykjavík 1952 um haustið, og haft af miklar tekjur.

Í máli þessu hófst svo dómsrannsókn fyrir sakadómi Reykjavíkur 13. maí 1953. Fyrir dóminn kom sem vitni Sigurður Guðmundsson ljósmyndari, formaður Ljósmyndarafélags Íslands. Hann staðfesti framangreint kærubréf og undirskrift sína undir það. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki iðnréttindi sem ljósmyndari að íslenskum lögum. Vitnið kveðst þó vita til, að ákærði hafi stundað ljósmyndun fyrir ýmsa aðilja, m. a. „illustreruð“ blöð, sem vitnið þó segir, að fagfélag hans hafi látið afskiptalaust. Vitnið segir og, að ákærði hafi haft mikla vinnu við ljósmyndun og framleiðslu mynda fyrir Iðnsýninguna 1952. Segir vitnið, að myndir ákærða þar hafi verið illa unnar frá faglegu sjónarmiði. Vitnið lagði þá og fram ljósprentuð eftirrit reikninga, sem ákærði ásamt Guðna Þórðarsyni hafði gert til Iðnsýningarinnar. Vitnið álitur því, að ákærði hafi með framangreindri

ljósmyndun og ljósmyndagerð framið skýlaust brot gegn lögum um iðju og iðnað.

Framangreindir reikningar eru 8 að tölu, dagsettir í maí og september 1952. Þeir sýna, að hlutur ákærða af heildarupphæð reikninganna er kr. 14.885.00, sem ákærði hefur fengið greiddan frá Iðnsýningunni fyrir ljósmyndun og ljósmyndagerð. Upphæð greidd ákærða frá Iðnsýningunni er ranglega talin kr. 29.000.00 í ákæruskjali.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hann hafi ekki réttindi í ljósmyndun hér á landi, en kveðst hafa tekið námskeið í ljósmyndagerð við verkfræðingaháskólann í Kaupmannahöfn á námsárum sínum, án prófs í því, og verið m. a. ljósmyndari við „Mandens Blad“ í Kaupmannahöfn án athugasemda frá dönskum ljósmyndurum. Ákærði kveðst undanfarin ár hafa tekið ljósmyndir í fristundum, segist hafa tekið þátt í alþjóðaljósmýndasýningum og því ljósmyndað alls konar „motiv“. Hann viðurkennir að hafa gert ljósmyndir fyrir Iðnsýninguna og tekið greiðslu fyrir það verk. Hann kveðst einnig nokkrum sinnum hafa tekið myndir af Þjóðleikhúsinu og sýningum þess og selt Þjóðleikhúsinu þær, að beiðni þjóðleikhústjóra. Í sambandi við vinnuna fyrir Iðnsýninguna kveðst mætti hafa mælt til þess, að fagljósmyndurum yrði boðið að taka það verk að sér. Hann kveðst hafa fært þetta í tal við framkvæmdastjóra sýningarinnar. Ákærði segir síðan, að þetta hafi verið gert, en hann hafi svo komið að því, að þeir gátu ekki látið í té þá ljósmyndastærð, sem óskað var eftir, og því var aftur snúið sér til ákærða og áðurgreinds Guðna Þórðarsonar blaðamanns, og tóku þeir þá verkið að sér. Ekki kveðst ákærði nokkurn tíma hafa auglýst sig sem ljósmyndara og kveðst stöðugt stunda ljósmyndun einn, en eingöngu þó sem áhugamaður, en þó, eins og áður segir, af og til láta myndir af hendi gegn borgun, sé fram á það farið við hann. Um tekjur sínar af ljósmyndun segir ákærði, að þær fari engan veginn fram úr tilkostnaði. Í sambandi við ljósmyndagerð fyrir Iðnsýninguna tekur ákærði sérstaklega fram, að hann hafi ekki tekið myndir á sýningunni fyrir stjórn hennar, heldur úr myndum, aðallega „motivum“ úr iðnaði, sem hann átti í fórum sínum, til sýningar.

Verjandi ákærða, Kristján Guðlaugsson hrl., hefur í varnarskjali krafist sýknu ákærða til handa, telur, að hér sé um tómstundavinnu og hreina áhugamennsku að ræða og falli því starfsemin ekki undir II. kafla laga nr. 18/1927, sbr. breytingu laga nr. 105/1936, þar sem hér sé nánast um heimilisiðnað að ræða.

Dómurinn getur ekki fallið á þessi sjónarmið. Dómurinn lítur svo á, að ljósmyndun og ljósmyndagerð ákærða undanfarin ár, sem hann virðist stunda í allstórum stíl fyrir borgun og virzt hafa all-drjúgar tekjur af, einkum frá Iðnsýningunni 1952, falli af greindum ástæðum undir lagaákvæði þau, er réttilega eru greind í ákærus-

skjali, og hafi ákærði því með starfsemi þessari, sem líta verður svo á, að sé stunduð í atvinnuskyni, farið inn á svið faglærðra manna í lögverndaðri iðngrein og gerzt með því brotlegur við ákvæði þau, er í ákæruskjali greinir.

Refsing ákærða ákveðst samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 15. gr. laga nr. 105/1936, og þykir hún með hliðsjón af þó nokkrum tekjum af starfseminni hæfilega ákveðin 2000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., kr. 700.00.

Dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð vegna embættisanna dóm-arans.

Dómsorð:

Ákærði, Hjálmar Rögnvaldur Bárðarson, greiði 2000 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., kr. 700.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
